

# Samningar sem falla undir lög um opinber innkaup og útreikningur á viðmiðunarfjárhæðum

Námskeið Sambandsins um  
opinber innkaup sveitarfélaga 6. maí 2019

Eyþóra Kristín Geirsdóttir, lögmaður hjá embætti borgarlögmanns  
Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir, deildarstjóri innkaupadeildar Reykjavíkurborgar

ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG



REYKJAVÍKURBORG

# Reglur um innkaup sveitarfélaga

- Lög um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL).
- Reglugerðir um veituumkaup, sérleyfissamninga og samninga um sértæka þjónustu.
- Reglugerð um viðmiðunarfjárhæðir.
- Lög um framkvæmd útboða nr. 65/1993.
- IST 30 og 35.
- Meginreglur útboðsréttar um gagnsæi, jafnræði og meðalhóf.
- Reglur um kærunefnd útboðsmála.
- Stjórnsýslureglur um hæfi og aðgang að upplýsingum.
- Eigin innkaupareglur.



ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG



REYKJAVÍKURBORG



# Helstu áhrif nýrrar löggjafar á innkaup sveitarfélaga

- Sömu viðmiðunarfjárhæðir innanlands fyrir sveitarfélög og ríki.
- Auglýsa innkaup á utbodsvefur.is frá 1. janúar 2017.
- Styttri tilboðfrestir og styttri biðtími innanlands.
- Tvö ný innkaupaferli.
- Léttari málsmeðferðarreglur gilda um þjónustusamninga á sviði velferðar-, menningar- og menntamála.
- Rafræn birting gagna og móttaka tilboða frá 18. október 2018.
- Gjaldtöku fyrir aðgengi að útboðsgögnum skal hætt.
- Aukin samvinna milli opinberra aðila heimil við sameiginleg innkaup.
- Fleiri samningar falla undir valdsvið kærunefndar útboðsmála.

# Gildissvið laga um opinber innkaup

- Lögin gilda um opinbera aðila, þ.e. ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra og samtök og aðra opinbera aðilar eins og þeir eru skilgreindir í 3. gr. laganna.
  - fyrirtæki í eigu sveitarfélaga, t.d. SORPA bs.
  - landshlutasamtök sveitarfélaga
  - Samband íslenskra sveitarfélaga?
- Lögin taka til samninga um fjárhagslegt endurgjald sem einn eða fleiri kaupendur skv. 3. gr. gera við eitt eða fleiri fyrirtæki og hafa að markmiði framkvæmd verks, sölu vara eða veitingu þjónustu í skilningi laganna. Slíkir samningar skulu ávallt gerðir skriflega.



ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG



REYKJAVÍKURBORG



# Samningar undanþegnir lögum?

- Samningar sem heyra ekki undir lög um opinber innkaup eða reglugerðir settar með stöð í þeim (7. – 14. gr.)
  - Kaup og sala fasteigna eða byggingarréttar?
  - Lóðarleigusamningar?
  - Hreinir styrktarsamningar?
  - Leynilegir samningar?
  - Milliríkjasamningar?
  - Tilteknir þjónustusamningar eins og tiltekin lögmannsþjónusta (11. gr.)?
  - Samningar milli opinberra aðila (13. gr.)?
  - Niðurgreiddir samningar undir 50% (14. gr.)?
- Blandaðir samningar (5. og 6. gr.)?
  - Meta þarf meginefni samnings og tilgang
  - Verðmætari samningshlutinn ræður oftast

# Hvaða samningar sveitarfélagsins eru útboðsskyldir?

Samningar yfir viðmiðunarfrárhæðum um innkaup á:

- vörum
- þjónustu
- verkum



ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG



REYKJAVÍKURBORG



# Flokkun samninga sem heyra undir lögin – 4. gr.

- **Verksamningar:** samningar sem hafa að markmiði framkvæmd, eða framkvæmd og hönnun, á tilteknu verki eða framkvæmd verks, með hvers konar aðferðum sem svara eiga til krafna sem kaupandi hefur sett fram. Með verki í þessum skilningi er átt við afrakstur mannvirkjagerðar eða verkfræðilegra aðferða sem getur þjónað efnahagslegu eða tæknilegu hlutverki.
- **Vörusamningar:** teljast samningar sem hafa að markmiði kaup, leigu eða fjármögnunarleigu, með eða án kaupréttar, á vörum. Samningur sem felur í sér tilfallandi ísetningu eða uppsetningu vöru telst vörusamningur.
- **Þjónustusamningar:** samningar sem hafa að markmiði veitingu þjónustu annarrar en þeirrar sem um getur í verksamningum skv. 2. mgr. 4. gr.



ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG



REYKJAVÍKURBORG





# Dæmi um verksamninga sveitarfélaga sem lögin gilda um

- nýbyggingar
- götur
- lagnir
- steyptir kantsteinar
- sparkgerði
- aðalstígar
- malbiksyfirlagnir
- jarðvinna
- dúkalagning
- flísalagning
- uppsetning loftræstikerfa
- málun mannvirkja



ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG



REYKJAVÍKURBORG





# Dæmi um vörusamninga sveitarfélaga sem lögin gilda um

- matvörur
- skrifstofuvörur
- kaup á tækjum og búnaði
- bensín
- kaup á hugbúnaðarleyfum
- rekstrarleiga bifreiða og tækja



ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG



REYKJAVÍKURBORG



# Dæmi um þjónustusamninga sveitarfélaga sem lögin gilda um

- ræstingaþjónusta
- fjarskiptaþjónusta
- fjármálaþjónusta
- váttryggingaþjónusta
- tölvuþjónusta
- arkitekta- og verkfræðiþjónusta
- grassláttur
- sorp- og hreinlætisþjónusta
- samningar um viðhalds- og viðgerðarþjónustu
- akstursþjónusta (almenningsgöngur í veitureglugerð)
- VIII. kafla þjónusta = Gerð opinberra samninga um þjónustu sem er upptalin reglugerð nr. 1000/2016. M.a. velferðarþjónusta, heilbrigðisþjónusta, fræðslustarfsemi, íþróttastarfsemi, þjónusta skjalasafna, safna og önnur menningarstarfsemi.



ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG



REYKJAVÍKURBORG



# Samningar undir innlendum viðmiðunarfjárhæðum

- Lögin gilda einnig um þá, sbr. 24. gr. þó þeir séu ekki útboðsskyldir.
- Kaupandi skal ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra fyrirtækja.
- Gera skal samanburð að jafnaði með rafrænum aðferðum.
- Kaupandi skal við slík innkaup:
  - gæta að samkeppni
  - virða jafnræðisreglu 15. gr.
  - gæta að tæknilýsingum skv. 49. gr.
- Verðfyrirspurn eða lokað útboð skv. lögum nr. 65/1993.



ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG



REYKJAVÍKURBORG



?

- Uppskipting samninga og samlagningarreglur (29. og 30. gr.)
- 20% af heildarvirði samninga sem skipt er upp, skv. 2. mgr. 29. gr.



ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG



REYKJAVÍKURBORG



# Verkefni ?

- Hönnunarsamkeppni?
  - Ákvörðun KNÚ nr. 28/2018: Samningagerð í kjölfar hönnunarsamkeppni um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið stöðvuð til bráðabirgða þar sem verulegar líkur eru taldar á að framkvæmd hönnunarsamkeppninnar og val á tilboði hafi verið ólöglegt. Verulegar líkur taldar á að brotið hafi verið gegn meginreglunni um jafnræði bjóðenda.
- Verðbréfaútboð?
  - Undanþága i-liðar 11. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016
- Útboð á byggingarrétti?
  - Ekki útboðsskylt þar sem um eignarréttindi er að ræða og því hvorki vara, verk eða þjónusta.
- En samhliða kaupum á íbúðum?
  - Þá fellur samningurinn undir lög um opinber innkaup og verður útboðsskyldur.
- Leiga á húsnæði?
  - Dómur Landsréttar í máli nr. 205/2018: Útleiga á húsnæði fellur ekki undir gildissvið laga um opinber innkaup.
- Langtímasamningur um uppbyggingu og rekstur á þjónustumiðstöð eða bílastæðahúsi?
  - Hvert er meginmarkmið samningsins?

# Viðmiðunarfjárhæðir fyrir sveitarfélög

- Ákvæði 23. gr. OIL og reglugerðar nr. 178/2018.
- Allar viðmiðunarfjárhæðir án vsk.
- Endurskoðaðar á tveggja ára fresti.

- Útboðsskylda innanlands:

– Vara og þjónusta:	<u>15.500.000</u>
– Verk:	<u>49.000.000</u>

- Útboðsskylda á EES:

– Vara og þjónusta:	<u>28.752.100</u>
– Verk:	<u>721.794.800</u>
– Sértek þjónusta (VIII. kafla)	<u>97.575.000</u>



# Útreikningur virðis samninga (25. – 28. gr.)

- Miða skal við þá heildarfjárhæð sem kaupandi mun greiða fyrir innkaup, að frátöldum virðisaukaskatti.
- Við þennan útreikning skal taka tillit til heildarfjárhæðar, þar á meðal hvers konar valfrjálsra ákvæða og hugsanlegrar endurnýjunar samnings sem skýrt er kveðið á um í útboðsgögnum.
- Ef kaupandi hyggst bjóða bjóðendum eða þátttakendum verðlaunafé eða aðrar aukagreiðslur skal taka tillit til þess við útreikning á áætluðu virði samnings.



ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG



REYKJAVÍKURBORG





# Útreikningur virðis frh.

- Útreikningur skal miðast við þann tíma þegar útboðsauglýsing er send til opinberrar birtingar eða þegar kaupandi hefst handa við innkaupaferli við þær aðstæður að ekki er skylt að tilkynna opinberlega um innkaup.
- Óheimilt er að skipta upp verki eða innkaupum á vöru og/eða þjónustu í því skyni að innkaup verði undir viðmiðunarfjárhæðum.
- Þegar kaupandi skiptist í aðskildar skipulagseiningar skal taka tillit til áætlaðrar heildarfjárhæðar innkaupa allra eininganna. Ef skipulagseining ber sjálfstæða ábyrgð á innkaupum sínum eða tilteknum tegundum þeirra má áætla verðmæti þeirra án tillits til heildarinnkaupa kaupandans.



ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG



REYKJAVÍKURBORG



# Samlagningarskylda (29. – 32. gr.)

- Óheimilt að skipta upp innkaupum í því skyni að komast framhjá útboðsskyldu, sbr. 4. mgr. 25. gr.
- Ef verk- eða þjónustusamningum er skipt upp í fleiri sjálfstæða samninga skal miða við samanlagt virði allra samninganna.
- Sama gildir þegar innkaupum á vöru af svipaðri tegund er skipt upp í fleiri sjálfstæða samninga.
- Sé samanlagt virði allra samninganna yfir viðmiðunarfjárhæðum skal líta svo á að verðgildi hvers og eins samnings sé einnig yfir viðmiðunarmörkum.
- Hvern og einn samning skal því bjóða út í samræmi við þær reglur sem gilda um viðkomandi (samanlagða) viðmiðunarfjárhæð.
- Þó heimilt að gera samning án útboðs fyrir allt að 20% af samanlagðri heildarfjárhæð allra samningshluta, sbr. 2. mgr. 29. gr.

# Virði viðvarandi samninga

- Þegar um er að ræða viðvarandi samninga eða samninga sem endurnýja á innan tiltekins tíma skal reikna áætlað virði út með eftirfarandi hætti:
  - a) annaðhvort með hliðsjón af heildarfjárhæð áþekkra samninga á undangengnu fjárhagsári eða síðustu 12 mánuðum, að teknu tilliti til breytinga á magni og verði fyrir næstkomandi 12 mánuði, eða
  - b) með hliðsjón af áætluðum kostnaði fyrir næstu 12 mánuði, eða lengra tímabil ef því er að skipta, frá því að vara eða þjónusta er fyrst innt af hendi.
- Óheimilt er að nota sérstakar aðferðir við útreikning í því skyni að komast hjá útboðsskyldu.


# Fyrr og nú



The new DNA for commercial activities

Delivering value for the nation through outstanding commercial capability and quality customer service

ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG



# möguleg tækifæri ..

ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG

		2014	2015	2016	2017	2018
600	Akstur/vélaleiga	1.081.150.090 kr.	1.032.005.068 kr.	1.055.268.004 kr.	1.060.428.000 kr.	138.429.080 kr.
605	Annar kostnaður	89.850.575 kr.	132.974.551 kr.	34.755.532 kr.	92.715.143 kr.	10.591.103 kr.
610	Bækur og kennsluefni	264.356.914 kr.	248.797.514 kr.	283.918.902 kr.	312.319.518 kr.	34.621.021 kr.
615	Vörukaup vegna þjónustu	86.200.192 kr.	69.370.282 kr.	73.139.352 kr.	73.633.961 kr.	7.015.818 kr.
620	Matvæli	1.791.660.307 kr.	1.984.988.991 kr.	2.108.525.798 kr.	2.131.227.611 kr.	342.690.104 kr.
635	Styrkir og framlög	12.040.879.501 kr.	12.777.648.835 kr.	13.729.936.526 kr.	15.684.473.563 kr.	4.422.430.055 kr.
645	Tryggingar og tjón	152.821.823 kr.	133.867.461 kr.	194.051.829 kr.	171.977.289 kr.	24.156.314 kr.
650	Vörukaup- endursala, leiga/umboðssala	214.515.474 kr.	188.002.644 kr.	178.322.594 kr.	152.817.968 kr.	18.849.166 kr.
655	Millifærslur	4.177.218.709 kr.	4.709.500.796 kr.	4.937.404.379 kr.	5.002.141.640 kr.	339.055.244 kr.
<b>6</b>	<b>Þjónustukostnaður (kjarnastarfsemi)</b>	<b>19.898.653.585 kr.</b>	<b>21.277.156.142 kr.</b>	<b>22.595.322.916 kr.</b>	<b>24.681.734.693 kr.</b>	<b>5.337.837.905 kr.</b>
		2014	2015	2016	2017	2018
700	Annar kostnaður	37.293.551 kr.	348.188.678 kr.	108.223.775 kr.	88.567.278 kr.	0 kr.
705	Auglýsingar og kynningarkostnaður	132.707.250 kr.	139.906.188 kr.	159.873.081 kr.	190.325.827 kr.	21.526.534 kr.
710	Áhöld og rekstrarvörur	1.022.367.774 kr.	880.107.604 kr.	1.019.693.815 kr.	1.151.467.901 kr.	232.633.377 kr.
715	Innheimtukostnaður	382.176.955 kr.	398.876.471 kr.	443.601.655 kr.	489.833.573 kr.	53.333.899 kr.
720	Ferðir og ráðstefnur	181.005.546 kr.	240.764.810 kr.	251.294.427 kr.	360.102.039 kr.	36.927.476 kr.
725	Fjarskiptakostnaður	342.380.099 kr.	360.813.978 kr.	363.866.729 kr.	434.262.130 kr.	27.874.877 kr.
730	Opinber gjöld	32.960.214 kr.	39.792.701 kr.	36.159.511 kr.	42.278.388 kr.	3.769.405 kr.
735	Prentkostnaður	78.224.389 kr.	84.207.775 kr.	74.567.700 kr.	86.149.002 kr.	10.588.489 kr.
740	Risna, gjafir og verðlaun	33.315.370 kr.	30.419.459 kr.	30.780.736 kr.	35.150.571 kr.	3.249.629 kr.
745	Sameiginlegur kostnaður	1.051.686.948 kr.	1.202.235.757 kr.	1.223.877.541 kr.	1.331.991.814 kr.	359.398.775 kr.
750	Sérfræðiþjónusta/Aðkeypt vinna	1.295.023.463 kr.	1.383.787.979 kr.	1.288.488.254 kr.	1.498.454.307 kr.	194.382.066 kr.
755	Starfsmannakostnaður	216.599.331 kr.	234.442.884 kr.	253.823.088 kr.	326.710.519 kr.	24.774.013 kr.
765	Tölvur og upplýsingatækni	742.043.375 kr.	699.422.532 kr.	637.720.437 kr.	613.587.404 kr.	112.468.974 kr.
<b>7</b>	<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>	<b>5.547.784.264 kr.</b>	<b>6.042.966.816 kr.</b>	<b>5.891.970.749 kr.</b>	<b>6.648.880.753 kr.</b>	<b>1.080.927.514 kr.</b>
		2014	2015	2016	2017	2018
800	Sorphirða og ræsting	896.287.887 kr.	978.282.770 kr.	1.065.097.646 kr.	1.180.299.383 kr.	194.351.225 kr.
805	Leigugjöld	14.179.143.299 kr.	14.886.213.969 kr.	15.343.377.805 kr.	16.204.226.077 kr.	2.659.257.795 kr.
810	Rekstur húsnæðis	815.549.058 kr.	784.360.416 kr.	849.470.244 kr.	823.438.507 kr.	155.392.302 kr.
815	Sameiginlegur rekstur	46.730.196 kr.	131.219.441 kr.	141.069.101 kr.	145.201.790 kr.	28.560.761 kr.
820	Viðhald og framkvæmdir	154.367.876 kr.	146.597.497 kr.	178.480.511 kr.	218.495.022 kr.	19.071.174 kr.
<b>8</b>	<b>Húsnæðiskostnaður</b>	<b>16.092.078.316 kr.</b>	<b>16.926.674.093 kr.</b>	<b>17.577.495.307 kr.</b>	<b>18.571.660.779 kr.</b>	<b>3.056.633.257 kr.</b>
	Samtals	41.538.516.165 kr.	44.246.797.051 kr.	46.064.788.972 kr.	49.902.276.225 kr.	9.475.398.676 kr.


# Áhersluatriði



ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG



# Dæmi um samninga..



https://inni.reykjavik.is/sites/default/files/2019-03/Birgjasamningar.pdf

Skrá Edit Fara til Efirlit Hjálpi

SÍÐAST UPPFÆRT 21.03.19

ÞRÝSTIÐ Á NAFN SAMNINGS TIL AÐ OPNA TENGIL Á BIRGJA OG UPPLÝSINGAR  
EÐ FLEIRI EN 1 BIRGI BÝÐUR UPP Á AFSLÁTTARKJÖR Í VIÐKOMANDI FLOKKI ÞÁ ERU  
ÖLL GÖGN UM ÞÁ Í TENGLUM TIL SAMANBURÐAR

➤ **MATVÖRUR OG DRYKKIR**

- 13379 [Alifuglakjöt](#)
- 13780 [Kjöt og Kjöttvörur](#)
- 13750 [Sjávarfang](#)
- 14118 [Grænmeti og ávextir](#)
- 14415 [Drykkir, mat og þurrvara](#) (Nýr samningur í vinnslu)
- 14080 [Mötuneytisþjónusta fyrir Skóla- og frístundarsvið](#)

➤ Afsl [Brauð og kökur o.fl.](#)

➤ Afsl [Gos og vatnsdrykkir, íþróttá, orku, próteindrykkir og vítamíndrykkir](#)

➤ Afsl [Ísvörur](#)

15:03 3.5.2019

ÞJÓNUSTA FYRIR DIG



# Dæmi um samninga

ÞJÓNUSTA OG VIÐGERÐIR

- 14067 Túlka – og þýðingþjónusta
- 13929 Sorphirða
- 13881 Ræsting í leikskólum
- 13565 Hópbifreiðþjónusta
- 14346 Skipulagður akstur fyrir grunnskóla Reykjavíkur
- 14158 Öryggisgæsla
- 13386 Símaþjónusta og símtæki
- 13778 Gagnatengingar
- 13976 Endurskoðunarþjónusta
  
- Afsl Viðgerðir og varahlutir, þjónusta tækja á eldhús-, þvottahúsa- og heilbrigðismarkaði
- Afsl Sendibílaþjónusta
- Afsl Viðgerðir og viðhald á húsgögnum
- Afsl Flugfargjöld
- Afsl Viðgerðir, smur-, hjólbarða- og rafgeymaþjónusta, bremsuviðgerðir, hjóla- og ljósastillingar, ástandsskoðun, bílaþvottur o.fl.
- Afsl Leigubílar – akstursþjónusta

ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG



ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG

# TAKK FYRIR



REYKJAVÍKURBORG

